

R3275A Þverárdalur


Viðauki 73 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02

Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar

Hengill - Yfirlit

Virkjunarkostir til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3

Orkuveita Reykjavíkur / Orka náttúrunnar



Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur
Kápu mynd: Kort af Hengilssvæði
Útgáfudagur: Janúar 2015
Umsjón og ábyrgð: EG

| | | |
|---|-----------------------------------|----------------------------------|
| Greinargerð nr. 2015-002 | Útgáfudagur Janúar 2015 | Útgáfustaður Reykjavík |
| Heiti greinargerðar Hengill - Yfirlit Virkjunarkostir til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3 | | |
| Upplag pdf | Fjöldi síðna 26 | Dreifing Opið |
| Höfundur/ar Einar Gunnlaugsson | | Verknúmer |
| Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Orku náttúrunnar | | Samvinnuaðilar |
| Útdráttur Tekið er saman stutt yfirlit um rannsóknir á Hengilssvæðinu fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun 3. Fjallað er um afmörkun svæðisins, jarðfræði, viðnám, hugmyndalíkan og grunnvatn á svæðinu. | | |
| Efnisorð Hengill, virkjunarkostir, rammaáætlun 3 | | Yfirfarið EG |

Efnisyfirlit

| | | |
|----|---|----|
| 1. | INNGANGUR | 7 |
| 2. | HENGILSSVÆÐIÐ | 8 |
| 3. | JARÐFRÆÐI SVÆÐISINS | 8 |
| 4. | VIÐNÁMSMÆLINGAR | 14 |
| 5. | HUGMYNDALÍKAN AF SVÆÐINU | 16 |
| 6. | GRUNNVATN..... | 22 |
| 7. | NÝTING JARÐHITANS | 23 |
| 8. | JARÐHITARANNSÓKNIR Á HENGILSSVÆÐINU | 24 |
| 9. | TILVITNANIR..... | 25 |


Myndir

| | | |
|----------|---|----|
| MYND 1. | HENGILSSVÆÐIÐ OG ELDSTÖÐVAKERFIN | 7 |
| MYND 2. | DREIFING GASHITA Á HENGILSSVÆÐI | 8 |
| MYND 3. | JARÐFRÆÐIKORT AF HENGLINUM (KRISTJÁN SÆMUNDSSON, 1995A) | 10 |
| MYND 4. | KORT AF JARÐHITA, UMMYNDUN OG GRUNNVATNI (KRISTJÁN SÆMUNDSSON 1995B)..... | 11 |
| MYND 5. | HELLISHEIÐI - ÚRDRÁTTUR ÚR JARÐFRÆÐIKORTI..... | 11 |
| MYND 6. | JARÐFRÆÐIKORT AF SUÐVESTURLANDI (1:100.000) | 12 |
| MYND 7. | KORTAÐEKJA AF MANNVIRKJUM (MANNVIT, 2009)..... | 13 |
| MYND 8. | EÐLISVIÐNÁM 500 M NEÐAN SJÁRVARMÁLS (KNÚTUR ÁRNASON, 2007) | 14 |
| MYND 9. | EÐLISVIÐNÁM 850 M NEÐAN SJÁRVARMÁLS (KNÚTUR ÁRNASON, 2007) | 15 |
| MYND 10. | DREIFING LÁGVÍÐNÁMS OG HÁVÍÐNÁMSKJARNA Á HENGILSSVÆÐI (GUNNAR GUNNARSSON ÓBIRT KORT) | 16 |
| MYND 11. | FYRSTA HUGMYNDALÍKANIÐ AÐ HENGLI | 17 |
| MYND 12. | LEGA HITAÐVERSNIÐA Á HENGILSSVÆÐI | 18 |
| MYND 13. | HITAÐVERSNIÐ A-A' | 18 |
| MYND 14. | HITAÐVERSNIÐ B-B' | 19 |
| MYND 15. | HITAÐVERSNIÐ C-C' | 20 |
| MYND 16. | BERGHITI Á 1000 M DÝPI UNDIR SJÓ (GUNNAR GUNNARSSON, 2010) | 21 |
| MYND 17. | YFIRLITSMYND SEM SÝNIR HELSTU HITA- OG MASSA INNSTREYMI Á HENGILSSVÆÐINU..... | 22 |
| MYND 18. | LÍKANSVÆÐI GRUNNVATNSLÍKANS (VATNASKIL, 2014)..... | 23 |
| MYND 19. | REIKNAD GRUNNVATNSRENNSLI ÞEGAR GRUNNVATNSSKIL NÁ LENGST TIL NORÐURS. STÆRÐ ÖRVA ER Í SAMRÆMI VIÐ RENNSLI (VATNASKIL, 2014)..... | 24 |

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er stutt yfirlit yfir Hengilssvæðið vegna virkjunarkosta sem óskað er eftir að verði til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3. Í dag eru gufuorkuver á tveimur stöðum á Hengilssvæðinu, þ.e. á Nesjavöllum og svo við Kolviðarhól (Hellisheiðarvirkjun). Auk þess er jarðhiti nýttur í Hveragerði en þó ekki til raforkuframleiðslu. Önnur svæði þar sem boraðar hafa verið rannsóknaholur eru við Hverahlíð (6 holur), við Bitru (3 holur) og við Gráuhnúka (1 hola). Nú er unnið að tengingu Hverahlíðarsvæðisins til nýtingar við Hellisheiðarvirkjun.

Þau svæði sem Orkuveita Reykjavíkur og Orka náttúrunnar óska eftir að verði tekin til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3 eru: Hverahlíð, Gráuhnúkar, Meitill, Innstidalur og Þverárdalur. Mynd 1 sýnir legu þessara svæða á Hengilssvæðinu.



Mynd 1. Hengilssvæðið og eldstöðvakerfin

Virkjanir á svæðinu eru sýndar með fjólubláum hringjum en svæðin sem óskað er eftir til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3 eru sýnd með bláum hringjum.


2. Hengilssvæðið

Hengilssvæðið er eitt af stærstu háhitasvæðum landsins. Stærð svæðisins var áætluð 100-112 km² (lðnaðarráðuneytið 1994). Þar var miðað við dreifingu hita, ummyndunar á yfirborði og dreifingu viðnáms miðað við 5 ohmm línu. Svæðið nær frá vesturhlíðum Hengilsins og í suður um svæðið á Norðurhálsunum norðan Skálafells. Í austri nær svæðið austur fyrir Hveragerði og í norðri rétt norðan við Nesjavelli.

Landslag á svæðinu er fjöllótt. Svæðið liggur mest í 300-600 m hæð, en hæst rís Skeggi í um 800 m hæð. Samgöngur eru góðar á hluta svæðisins, þ.e. á þeim svæðum þar sem þegar hefur verið virkjað. Ennfremur er ökuleið inn á Bitru og Ölkelduháls og að borholum í Hverahlíð. Slóðir liggja víðar svo sem inn í Innstadal, austan með Litla-Meitli að Eldborg og að borholu við Gráuhnúka.

3. Jarðfræði svæðisins

Berggrunnur á Hengilssvæðinu er að mestu móberg sem myndast hefur undir jökli á síðustu jökulskeiðum ísaldar. Á jöðrum svæðisins kemur blágrýti fram undan móberginu. Hengilssvæðið nær yfir þrjú eldstöðvakerfi. Austast er Hveragerðiseldstöðin, sem er útdauð og sundurgrafin, þar norður af og austur af Hengli er eldstöðvakerfi kennt við Hrómundartind, en þar gaus síðast fyrir um 10.000 árum. Vestast er síðan Hengilskerfið sem er er yngst og virkast. Innan þess eru vinnslusvæðin á Nesjavöllum og á Hellisheiði. Eldstöðvakerfin eru sýnd með gráum útlínum á mynd 1. Dreifing gastegunda í gufuaugum aðgreinir einnig þessi þrjú eldstöðvakerfi (mynd 2) (Gretar Ívarsson, 1998).



Mynd 2. Dreifing gashita á Hengilssvæði

Gosmyndanir á svæðinu spanna um 800.000 ár í tíma. Elstu jarðlögin er að finna í ásunum suðaustan við Hveragerði, en yngst eru hraunin sem flætt hafa frá gosreininni gegnum Hengil. Gosmyndanir á Hengilssvæðinu eru fjölbreyttar. Aðalgerðir eldstöðva eru þó einungis tvær, tengdar sprungugosum og dyngjugosum. Jarðskorpuhreyfingar í

gliðunarbelti eins og verið hefur á Hengilssvæði allan þann tíma sem jarðsaga þess spannar sýna sig í gjám og misgengjum og hallandi jarðlögum á jaðarsvæðunum. Skjálftabelti Suðurlands gengur austan til inn í Hengilssvæðið. Á vestanverðu Hengilssvæðinu er landslagið mótað af gosmyndunum sem hafa hlaðist upp á síðasta jökulskeiði og á nútíma. Austan til hafa roföflin hins vegar mótað það. Laus jarðlög þekja sléttlendi og fjallshlíðar eru hvergi mjög skriðurunnar nema þar sem þykk hraunlög eru í brúnum eða fjöllin eingöngu úr bólstrabergi.


Frá ísaldarlokum, þ.e. síðustu 11.000, ár eru þekkt þrjú eldgos í Hengilskerfinu. Síðast gaus þar fyrir um 2.000 árum. Næstu gos þar á undan voru fyrir um 5.800 árum. Um 10.000 ár eru síðan fyrsta gos á nútíma varð. Síðast gaus í nágrenni Hengils þegar Svínahraunsbruni rann árið 1000. Upptök hans eru í næstu sprungurein vestan Hengils, í svokallaðri Bláfjallarein. Umbrot voru í Hengilskerfinu árið 1789 (Kristján Sæmundsson, 2003). Jarðfræðikort af Henglinum í mælikvarðanum 1:50.000 var gefið út árið 1995, sjá mynd 3 (Kristján Sæmundsson, 1995a).

Jarðhiti í Henglafjöllum nær frá Nesjavöllum suðvestur í Hveradali og Hverahlíð. Jarðhitinn er mestur og samfelldastur utan í Hengli alls staðar nema norðvestan megin. Brennisteinshverir eru mestir vestan til í Henglafjöllum, þ.e. í Sleggjubeinsdölum, norðan við Innstadal og ofan við Hagavíkurlaugar. Austan megin eru kalkhverir og kolsýrulaugar algengar. Kort af jarðhita, ummyndun og grunnvatni var gefið út árið 1995, sjá mynd 4 (Kristján Sæmundsson, 1995b).


Hluti af berggrunnskorti Kristjáns Sæmundssonar (1995a) fyrir suðurhluta Hengilssvæðisins er sýnt á mynd 5.

Heildarjarðfræðikort af Suðvesturlandi hefur verið gefið út af ÍSOR í mælikvarðanum 1:100.000 og eru jarðfræðikort af Henglinum hluti af því korti (Kristján Sæmundsson o.fl., 2010) sjá mynd 6.


Gert hefur verið tölvutækt þekjukort af Hengilssvæðinu þar sem hægt er að skoða ýmsa þætti á svæðinu, svo sem jarðfræði, jarðhita og ummyndun, gróðurlendi, landslagsgreiningu, akvegi og slóðir ásamt mannvirkjum (Mannvit, 2009). Mynd 7 sýnir kortið þar sem mannvirki á Hengilssvæðinu eru sýnd.




Mynd 3. Jarðfræðikort af Henglinum (Kristján Sæmundsson, 1995a)




Mynd 4. Kort af jarðhita, ummyndun og grunnvatni (Kristján Sæmundsson 1995b)



Mynd 5. Hellisheiði - Úrdráttur úr jarðfræðikorti






Mynd 7. Kortapakja af mannvirkjum (Mannvit, 2009)

4. Viðnámsmælingar

Með viðnámsmælingum á Hengilssvæði hafa fengist upplýsingar um ummyndun og þar með bæði fornan og núverandi jarðhita. Lágviðnámssvæði um 110 km^2 að stærð á 400 m dýpi neðan sjárvarmáls markar í grófum dráttum útbreiðslu háhitasvæðisins á þessu dýpi. Allur jarðhiti á yfirborði og ummyndun á Hengilssvæði fellur innan þessa svæðis. Þetta eru þær mælingar sem notaðar voru til að afmarka jarðhitasvæðið í Hengli eins og nefnt var í kafla 2. Þessar eldri mælingar byggðu á jafnstraumsmælingum (Schlumberger- og tvíþólmsmælingar) og voru niðurstöður þeirra skoðaðar í samhengi við önnur jarðeðlisfræði- og jarðfræðigögn.


Við rannsóknir á Nesjavallasvæðinu árið 1986 voru TEM-viðnámsmælingar fyrst reyndar hér á landi. Fljótlega á eftir leystu þær af hólmi eldri viðnámsmæliaðferðir.

Árið 2001 kom út skýrsla um niðurstöður viðnámsmælinga við Hengil og á Hellisheiði (Knútur Árnason og Ingvar Þór Magnússon, 2001). Frekari mælingar hafa verið gerðar og niðurstöður birtar (Knútur Árnason, 2007). Myndir 8 og 9 sýna dreifingu eðlisviðnáms annars vegar á 500 m neðan sjárvarmáls og hins vegar á 850 m neðan sjárvarmáls.



Mynd 8. Eðlisviðnám 500 m neðan sjárvarmáls (Knútur Árnason, 2007)

Hátt viðnám neðan lágviðnáms er sýnt með rauðri skástrikun. Jarðhiti á yfirborði er sýndur með rauðum deplum og gígar og gossprungur frá nútíma með gulum línum. Sprungur og misgengi sem sjást á yfirborði eru sýnd með bláum línun en sprungur og misgengi samkvæmt dreifingu jarðskjálfta með grænum.




Mynd 9. Eðlisviðnám 850 m neðan sjávarmáls (Knútur Árnason, 2007)

Hátt viðnám neðan lágviðnáms er sýnt með rauðri skástrikun. Jarðhiti á yfirborði er sýndur með rauðum deplum og gígar og gossprungur frá nútíma með gulum línun. Sprungur og misgengi sem sjást á yfirborði eru sýnd með bláum línun en sprungur og misgengi samkvæmt dreifingu jarðskjálfta með grænum.

Viðnámsmælingar á Hengilssvæði sýna víðáttumikinn háviðnámskjarna eftir gossprungunni frá Meitli að Nesjavöllum og á norðvestlægri línu frá Hveragerði vestur yfir Hengil.

Á mynd 10 er sýnt kort af Hengilssvæðinu þar sem sýnd er dreifing lágviðnáms, eins og það var notað í skýrslu Iðnaðarráðuneytis frá 1994, og dreifing háviðnámskjarna skv. síðari túlkunum ÍSOR. Þessi skilgreining lágviðnáms er sýnd hér þar sem hún hefur í gegnum tíðina verið notuð til að skilgreina stærð jarðhitakerfisins í Hengli eins og fram kemur í köflum hér að framan. Háviðnámskjarni eins og hann hefur komið fram í síðari mælingum er jafnframt sýndur á mynd 10.



Mynd 10. Dreifing lágviðnáms og háviðnámskjarna á Hengilssvæði (Gunnar Gunnarsson óbirt kort)


Dreifing lágviðnáms er sýnt með gráum flekk, hátt við nám neðan lágviðnáms er sýnt með rauðri skástrikun. Jarðhiti á yfirborði er sýndur með rauðum deplum. Sprungur og misgengi sem sjást á yfirborði eru sýnd með rauðlitum línum.

5. Hugmyndalíkan af svæðinu

Hugmyndalíkan af jarðhitasvæðinu í Hengli hefur þróast í gegnum tíðina og er í raun í stöðugri þróun eftir því sem upplýsingar berast. Fyrsta hugmyndalíkanið af Henglinum var sett fram 1985, sjá mynd 11. Þar var hugmyndin að eitt uppstreymi væri undir Henglinum sjálfum og þaðan streymdi síðan hiti til norðurs að Nesjavöllum og til suðurs að Innstadal, Skarðsmýrarfjalli og Kolviðarhóli.


Hugmyndalíkanið var endurskoðað 2007 (Grímur Björnsson, 2007) þegar gert var einfalt mat á vinnslugetu nýrra borsvæða. Endurskoðunin byggði einkum á gerð ferla er lýsa upphafshita og þrýstingi í borholum, ásamt teiknun hita- og þrýstimynda í sniðum og flötum. Skilgreind eru fjögur sérstök uppstreymissvæði jarðhitavökva af miklu dýpi, undir Hengli, við Gráuhnúka, í Hverahlíð og á Bitru. Torlekt þil heldur uppi þrýstingi vestan við

sprungustykki Hengils. Flöt þrýstidreifing austan við sprungustykkið var talin endurspeglar góða vatnslekt. Sækir sú ályktun sér stuðning í mikla smáskjálftavirkni. Jarðhitakerfið á Bitru er talið skiptast í efra og neðra kerfi, svipað og í Kröflu. Er það efra rétt um 200 °C heitt meðan staðfestur er 280 °C hiti í því neðra. Jarðhitasvæðið í Hverahlíð virkar staðbundnara. Það kann að vera umlukið torlekum, lóðréttum þiljum á alla vegu. Þar má hins vegar bora mjög þurrar holur í 270-320 °C heitt kerfi sem gerir svæðið áhugavert fyrir jarðgufuvirkjun.




Mynd 11. Fyrsta hugmyndalíkanið að Hengli

Mynd 12 sýnir legu þversniða sem teiknuð voru upp í þessari endurskoðun. Myndir 13-15 sýna þrjú af þessum hitasniðum.




Mynd 12. Lega hitaþversniða á Hengilssvæði

Litaðir flekkir vísa til núverandi eða fyrirhugaðra vinnslu- og niðurrenslissvæða. Útbreiðsla miðar við 1200 metra geira út frá borteigum.




Mynd 13. Hitaþversnið A-A'

Sniðið er frá Gráuhnúkum í suðri, um Hellisheiði, Hengil og norður til Nesjavalla. Lega sniðsins er sýnd á mynd 12. Borholur eru sýndar með hvítum línum. Er nafn þeirra að ofanverðu en holunúmer við neðri enda holu.



Mynd 14. Hitapversnið B-B'


Sniðið er frá Gráuhnúkum í vestri, um Hverahlíð, austur í Hveragerði. Borholur eru sýndar með hvítum línum. Er nafn þeirra að ofanverðu en númer við neðri enda holu.



Mynd 15. Hitapversnið C-C'


Sniðið er frá Hverahlíð í suðri, um Hellisheiði og norður á Skarðsmýrarfjall. Borholur sýndar með hvítum línum. Er nafn þeirra að ofanverðu en númer við neðri enda holu.

Í vinnsluspá fyrir vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar (Gunnar Gunnarsson, 2010) og Nesjavallavirkjunar (Gunnar Gunnarsson, 2013) hefur verið fjallað um hugmyndalíkan af Hengilssvæðinu. Líkanið byggir á dreifingu berghita og dregnar þær ályktanir að varmagjafar jarðhitakerfa séu grynna en áður var talið og leitt líkum að því að innskotavirkni tiltölulega grunnt í skorpunni nægi til að mynda jarðhitakerfi. Mynd 16 sýnir dreifingu berghita á 1000 m dýpi undir sjó (Gunnar Gunnarsson, 2010). Í líkaninu eru hitauppsprettur áætlaðar út frá berghita sem bendir til að hitainnstreymið í kerfið sé tiltölulega staðbundið. Á mynd 17 er staðsetning þeirra sýnd með bleikum lit. Nesjavellir hafa sína uppsprettu undir miðju vinnslusvæðinu. Á Hellisheiði er hitagjafinn í vestur brún heiðarinnar nánar tiltekið í móbergshryggjunum sem liggja frá Gráuhnúkum um Hellisskarð að Skarðsmýrarfjalli. Hitagjafi þessi kvíslast þar, fer annars vegar með suðurhlíðum Skarðsmýrarfjalls og hins vegar inni Sleggjubeinsdal og í áttina að Sleggju. Bitrusvæðið og Hverahlíðin hafa sína uppsprettuna hvort. Ekki er ljóst hve stórar þær eru en líklegt þykir að útbreiðsla hitauppsprettunnar á Bitru sé vanmetin á mynd 17. Útbreiðsla yfirborðjarðhita þar er mun meiri en að svo lítil uppsprettu geti skýrt hana.



Mynd 16. Berghiti á 1000 m dýpi undir sjó (Gunnar Gunnarsson, 2010)

Holutoppar eru táknaðir með bláum punktum og holuferlar skáboraðra holna með bláum línum. Hitinn er metinn út frá hitamælingum í borholum á svæðinu og sýnir rauð stjarna staðsetningu þeirra mæligilda sem notuð eru við að teikna berghitann. (Þær sýna þ.a.l. skurðpunkt þeirra holna sem berghitinn hefur verið metinn í við 1000 m jafndýptarflöt undir sjó.) Inná kortið eru einnig teiknuð misgengi (kambaðar línu) og gosmenjar frá nútíma (gulbryddaðar rauðar skellur). Gráuhnúkar eru merktir með GH, Hellisskarð með HS og Skarðsmýrarfjall með SF. Sniðið er frá Hverahlíð í suðri, um Hellisheiði og norður á Skarðsmýrarfjall. Borholur sýndar með hvítum línum. Er nafn þeirra að ofanverðu en númer við neðri enda holu.




Mynd 17. Yfirlitsmynd sem sýnir helstu hita- og massa innstreymi á Hengilssvæðinu

Bláa svæðið sýnir hvar reiknað er með að háa – eða öllu heldur hærri – lekt sé að finna. Þetta leka svæði er síðan umlukið lægri lekt. Bleiku svæðin sýna hvar hiti og massi streymir neðan frá inni kerfið.

6. Grunnvatn

Um vatnafar á Hengilssvæðinu skiptir í tvö horn. Á því vestanverðu eru stöðugar lindir og lækir einungis þar sem jarðlögin eru svo ummynduð að þau halda vatni. Annars sígur þar allt vatn í jörð. Á austanverðu svæðinu renna ár og lækir árið um kring. Heilstætt grunnvatnslíkan hefur verið gert af svæði sem nær frá Faxflóa upp í Borgarfjörð norðan Skarðsheiðar um Skorradal og út á Kaldadal, þaðan í suður í Þingvallvatn og áfram í suður um Sog og Ölfusá og til sjávar. Frá suðurströndinni afmarkast svæðið síðan um Kleifarvatn og þaðan niður í Straumsvík. Afmörkun svæðisins er sýnd á mynd 18.

Í líkaninu er tekið tillit til allra þátta sem hafa áhrif á vatnafar og reiknað streymi grunnvatns. Af svæðinu vestan Hengilsins streymir grunnvatn í þrjá grunnvatnsstrauma, þ.e. Þingvallastraum, Selvogsstraum og Elliðaárstraum. Vatnaskil grunnvatns á svæðinu vestan Hengilsins breytast miðað við úrkomu á svæðinu. Mynd 19 sýnir reiknað grunnvatnsrennsli á svæðinu þegar grunnvatnsskil eru lengst til norðurs. Stærð örva á kortinu er í samræmi við rennsli. Líkanið metur jafnframt stærð grunnvatnsstraumanna. Grunnvatnsrennsli Þingvallastraums reiknast $20 \text{ m}^3/\text{s}$, Selvogsstraums $43 \text{ m}^3/\text{s}$ og Elliðaárstraums $5 \text{ m}^3/\text{s}$.



Mynd 18. Líkansvæði grunnvatnslíkans (Vatnaskil, 2014)


7. Nýting jarðhitans

Ávallt hefur verið rætt um að jarðhitann á Hengilssvæði megi nýta á nokkrum virkjunarstöðum. Í skýrslu Iðnaðarráðuneytisins frá 1994 er reiknað með 5-7 virkjunarstöðum á Hengilssvæðinu þar sem reiknað er með 5.500 GWst/ári raforkuframleiðslu í 50 ár, og 690 MW_e uppsettu afli. Í skýrslu Orkustofnunar frá 2009 (Jónas Ketilsson o.fl., 2007) er rafafi Hengilssvæðisins til 50 ára metið skv. áætlaðri flatarmálsvinnslugetu. Gefið er upp 1278 MW₅₀ sem hágildi, 710 MW₅₀ sem miðgildi og 426 MW₅₀ sem lággildi.

Jarðhitanum í Henglafjöllum má hugsanlega skipta í nokkur vinnslusvæði, sem öll gætu verið innbyrðis í þrýstisambandi: Nesjavelli, Þverárdal, Bitru, Hellisheiði, Innstadal, Gráuhnúka, Meitil og Hverahlíð. Þegar hefur verið virkjað á Nesjavöllum og á Hellisheiði. Unnið er að tengingu Hverahlíðar við Hellisheiðarvirkjun.

Landslag á svæðinu er fjöllótt og vinnsla jarðhita fer mjög eftir aðgengi að viðkomandi svæðum. Einnig eru jarðhitasvæðin misjafnlega heppileg til nýtingar, sem aðallega fer eftir hita og kolsýruinnihaldi.

Á nýjum virkjunarsvæðum getur verið erfitt að meta áformaða stærð virkjunar. Vegna stuttrar eða engrar bor- og vinnslusögu eru ekki forsendur til kvörðunar á nákvæmu reiknilíkani fyrir svæðin. Þess í stað verður að byggja á líkum, reynslu frá öðrum svæðum um flatarmál og flatarvinnslugetu fyrirhugaðra virkjunarsvæða.



Mynd 19. Reiknað grunnvatnsrennsli þegar grunnvatnsskil ná lengst til norðurs. Stærð örva er í samræmi við rennsli (Vatnaskil, 2014)

8. Jarðhitarannsóknir á Hengilssvæðinu

Miklar heimildir eru til um Hengilssvæðið. Hér á framan hefur lauslega verið raktar yfirborðsrannsóknir sem ná yfir allt Hengilssvæðið, en ekki getið allra þeirra skýrsla og greinagerða sem skrifaðar hafa verið. Við virkjun á Nesjavöllum og á Hellisheiði hafa verið skrifaðar skýrslur og greinagerðir um boranir og jarðhita á þeim svæðum. Í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum fyrir Nesjavelli (Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns, 2000), Hellisheiði (Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns, 2003, 2005), Bitru (VSÓ ráðgjöf, 2007a) og Hverahlíðar (VSÓ ráðgjöf, 2007b) eru ítarlegir listar um heimildir.

9. Tilvitnanir

Gretar Ívarsson, 1998. Fumarole gas geochemistry in estimating subsurface temperatures at Hengill in Southwestern Iceland. Proceedings of the 9th International Symposium on Water-Rock Interaction WRI-9 Taupo, New Zealand 30 Marsc-3 April 1998.

Grímur Björnsson, 2007. Endurskoðað hugmyndalíkan af jarðhitakerfum í Hengil og einfalt mat á vinnslugetu nýrra borsvæða. Orkuveita Reykjavíkur, 3-2007.

Gunnar Gunnarsson, 2010. Spá um viðbrögð jarðhitakerfisins á Hellisheiði við vinnslu. Orkuveita Reykjavíkur skýrsla 2010-9.

Gunnar Gunnarsson, 2013. Vinnsluspá fyrir Nesjavelli. Orkuveita Reykjavíkur skýrsla 2013-25.

Iðnaðarráðuneytið, 1994. Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.

Jónas Ketilsson, Héðinn Björnsson, Sæunn Halldórsdóttir og Guðni Axelsson, 2009. Mat á vinnslugetu háhitasvæða. Orkustofnun skýrsla OS-2009/09.

Knútur Árnason og Ingvar Þór Magnússon, 2001. Jarðhiti við Hengil og á Hellisheiði. Niðurstöður viðnámsmælinga. Orkustofnun skýrsla OS-2001/091.

Knútur Árnason, 2007. TEM-viðnámsmælingar á Hengilssvæði 2006 og tillaga að rannsóknarborunum við Eldborg. ÍSOR-2007/005.

Kristján Sæmundsson, 1995a. Hengill, jarðfræðikort (berggrunnur) 1:50.000. Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Landmælingar Íslands.

Kristján Sæmundsson, 1995b. Hengill, jarðhiti, ummyndun og grunnvatn 1:25.000. Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Landmælingar Íslands.

Kristján Sæmundsson, 2003. Hellisheiðarvirkjun jarðfræðilegar aðstæður á virkjunarsvæði. Íslenskar Orkurannsóknir. Greinargerð KS 03/02. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Kristján Sæmundsson, Haukur Jóhannesson, Árni Hjartarson, Sigurður Garðar Kristinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson, 2010. Jarðfræðikort af Suðvesturlandi, 1:100.000. Íslenskar orkurannsóknir.

Mannvit, 2009. Landslag á Hengilssvæðinu.

Vatnaskil, 2014. Höfuðborgarsvæði – Grunnvatns- og rennislíkan. Árleg endurskoðun fyrir árið 2013. Vatnaskil, skýrsla nr. 14.16.

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns, 2000. Nesjavallvirkjun áfangi 4B. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. (https://www.or.is/sites/default/files/2002_nesjavallavirkjun_staekkun_mat_a_umhverfisahrifum.pdf)

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns, 2003. Virkjun á Hellisheiði. Rafstöð allt að 120 MW. Varmastöð allt að 400 MW. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. (https://www.or.is/sites/default/files/2004_hellisheidarvirkjun_mat_a_umhverfisahrifum.pdf).

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns, 2005. Stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur (https://www.or.is/sites/default/files/2005_hellisheidarvirkjun_staekkun_mat_a_umhverfisahrifum.pdf).

VSÓ ráðgjöf, 2007a. Bitruvirkjun allt að 135 MWe jarðvarmavirkjun. Frummatsskýrsla. ([https://www.or.is/sites/default/files/bitruvirkjun - frummatsskyrsla.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/bitruvirkjun_-_frummatsskyrsla.pdf)).

VSÓ ráðgjöf, 2007b. Hverahlíðarvirkjun allt að 90 MWe jarðvarmavirkjun. Frummatsskýrsla. ([https://www.or.is/sites/default/files/hverahlidarvirkjun - frummatsskyrsla.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/hverahlidarvirkjun_-_frummatsskyrsla.pdf)).

R3275A Þverárdalur

Virkjunarkostir til umfjöllunar í verndar- og
orkunýtingaráætlun 3

Orkuveita Reykjavíkur / Orka náttúrunnar



Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur
Kápumynd: Emil Þór
Útgáfudagur: Janúar 2015
Umsjón og ábyrgð: EG

| | | |
|--|-----------------------------------|----------------------------------|
| Greinargerð nr. 2015-007 | Útgáfudagur Janúar 2015 | Útgáfustaður Reykjavík |
| Heiti greinargerðar Þverárdalir Virkjunarkostir til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3 | | |
| Upplag pdf | Fjöldi síðna 12 | Dreifing |
| Höfundur/ar Einar Gunnlaugsson | | Verknúmer |
| Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Orku náttúrunnar | | Samvinnuaðilar |
| Útdráttur Tekið er saman stutt yfirlit um svæðið í Þverárdal á Hengilssvæði fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun 3. | | |
| Efnisorð Hengill, virkjunarkostir, rammaáætlun 3, Þverárdalur | | Yfirfarið EG |

Efnisyfirlit

| | | |
|----|--------------------------|----|
| 1. | INNGANGUR | 7 |
| 2. | HELSTU KENNISTÆRÐIR..... | 8 |
| 3. | STAÐHÆTTIR | 8 |
| 4. | JARÐVARMÍ..... | 10 |
| 5. | NÝTING..... | 12 |
| 6. | LOSUN AFFALLSVATNS | 13 |
| 7. | TILVITNANIR..... | 13 |

Töflur


| | |
|---|---|
| TAFLA 1. HELSTU KENNISTÆRÐIR FYRIR JARÐVARMAVIRKJUN Í ÞVERÁRDAL | 8 |
|---|---|

Myndir

| | |
|--|----|
| MYND 1. HENGILSSVÆÐIÐ OG ELDSTÖÐVAKERFIN | 7 |
| MYND 2. KORT AF ÞVERÁRDAL OG NORÐAUSTUR HLUTA HENGILSSVÆÐISINS..... | 9 |
| MYND 3. TJARNARHNÚKUR OG JARÐHITI Í LAKASKÖRDUM..... | 10 |
| MYND 4. DREIFING GASHITA Á HENGILSSVÆÐI (GRETAR ÍVARSSON, 1998)..... | 10 |
| MYND 5. DREIFING LÁGVÍÐNÁMS OG HÁVÍÐNÁMSKJARNA Á HENGILSSVÆÐI (GUNNAR GUNNARSSON ÓBIRT KORT) | 11 |
| MYND 6. DREIFING LÁGVÍÐNÁMS OG HÁVÍÐNÁMSKJARNA Á NORÐUR HLUTA HENGILSSVÆÐISINS (GUNNAR GUNNARSSON ÓBIRT KORT) | 12 |

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um Þverárdal á Hengilssvæði sem Orkuveita Reykjavíkur/Orka náttúrunnar óskar eftir að tekin verði til umfjöllunar í þriðja áfanga rammaáætlunar. Staðurinn er sýndur á mynd 1.



Mynd 1. Hengilssvæðið og eldstöðvakerfin

Virkjanir á svæðinu eru sýndar með fjólubláum hringjum en svæði sem óskað er eftir til umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun 3 eru sýnd með bláum hringjum.

2. Helstu kennistærðir

Hugsanlegt er að hægt sé að nýta svæðið í Þverárdal fyrir virkjun jarðvarma. Yfirborðsrannsóknir hafa farið þar fram samhliða rannsóknum á öðrum hlutum Hengilsins. Engar boranir hafa farið fram á þessu svæði og eru því upplýsingar takmarkaðar. Um stærðir og orkuvinnslugetu er miðað við stærðir á afmörkuðu svæði sem sýnt verður á kortum.

Tafla 1. Helstu kennistærðir fyrir jarðvarmavirkjun í Þverárdal

| Helstu kennistærðir | | Eining |
|----------------------------|------------|------------------|
| Uppsett rafafli | 90 | MW _e |
| Uppsett varmaafli | - | MW _{th} |
| Raforka | 738 | GWh/ári |
| Nýtingatími | 8200 | Klst./ári |
| Flatarmál lágviðnámskápu | 6,2 | km ² |
| Flatarmál háviðnámskjarna | 2,5 | km ² |
| Flatarmál nýtingarsvæðis | 6,5 | km ² |
| Flatarmál framkvæmdasvæðis | Ekki vitað | km ² |

3. Staðhættir


Þverárdalur er norðaustan við Hengil, milli Nesjavalla og Hrómundartinds (mynd 2). Að vestan er Stangarháls en að austan Hrómundartindur. Til suðurs lokar Hengill og Ölkelduháls dalnum. Ekki er ökufær leið inn á svæðið. Helst hefur verið litið til aðkomu frá Nesjavöllum yfir Stangarháls norðanverðan. Aðrar leiðir koma til greina.

Svæðið tilheyrir Grímsnes og Grafningshreppi. Hluti svæðisins er í landi Ölfusvatns og hinn hlutinn í landi Hagavíkur. Orkuveita Reykjavíkur á hluta Ölfusvatns og hefur auk þess keypt megnið af fjalllendi sem tilheyrir Hagavíkurjörðinni. Landið sem um ræðir er því að mestu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Berggrunnur á svæðinu er að mestu móberg sem myndast hefur undir jökli á síðustu jökulskeiðum ísaldar. Yngstu gosmyndanir á svæðinu er Tjarnarhnúkur (mynd 3) sem gaus fyrir um 10.000 árum (Kristján Sæmundsson, 1995a, 1995b og 2003).



Mynd 2. Kort af Þverárdal og norðaustur hluta Hengilssvæðisins




Mynd 3. Tjarnarhnúkur og jarðhiti í Lakaskörðum

4. Jarðvarmi


Engar boranir hafa farið fram í Þverárdal. Hugmyndir um jarðhitann byggja því á yfirborðsrannsóknum þ.e. jarðfræðikortlagningu (Kristján Sæmundsson, 1995a, 1995b), jarðefnafræðilegri könnun og jarðeðlisfræðilegri könnun.

Í Lakaskörðum milli Tjarnarhnúks og Hrómundartinds er þónokkur jarðhiti og eins neðar í dalnum. Í norðurhluta Hengils er einnig nokkuð um jarðhita alveg út undir efstu gil ofan Nesjavalla. Á þessu svæði eru m.a. Hagavíkurlaugar. Skv. korti um dreifingu gashita á Hengilssvæði (Gretar Ívarsson, 1998, Gretar Ívarsson o.fl., 2011a og 2011b) má búast við hita sem er 280-300°C (mynd 4).



Mynd 4. Dreifing gashita á Hengilssvæði (Gretar Ívarsson, 1998)


Á mynd 5 eru teknar saman helstu niðurstöður viðnámsmælinga sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina. Lágviðnáms svæði eins og það var skilgreint í skýrslu Iðnaðarráðuneytisins (1994) er sýnt sem grár flekkur. Háviðnámskjarni sem hefur verið kortlagður er sýndur sem rauð-þverstríkuð svæði. Eins og sjá má á myndinni þá er nánast allt svæðið innan lágviðnáms svæðisins. Þessi munur fer nánast eftir því hvernig svæðið er dregið upp á kort.



Mynd 5. Dreifing lágviðnáms og háviðnámskjarna á Hengilssvæði (Gunnar Gunnarsson óbirt kort)

Dreifing lágviðnáms er sýnt með gráum flekk, hátt við nám neðan lágviðnáms er sýnt með rauðri skástrikun. Jarðhiti á yfirborði er sýndur með rauðum deplum. Sprungur og misgengi sem sjást á yfirborði eru sýnd með rauðlitum línur. Blá- og grænlitaðar útlínur tákna afmörkun mismunandi nýtingarsvæða.

Mynd 6 er sama mynd en norður hlutinn stækkaður upp. Um 2,5 km² svæðisins telst vera innan háhitakjarnans eða um 38 % skilgreinds svæðis. Yfirborðsjarðhitinn fellur innan sama svæðis.



Mynd 6. Dreifing lágviðnáms og háviðnámskjarna á norður hluta Hengillssvæðisins (Gunnar Gunnarsson óbirt kort)

Dreifing lágviðnáms er sýnt með gráum flekk, hátt viðnám neðan lágviðnáms er sýnt með rauðri skástrikun. Jarðhiti á yfirborði er sýndur með rauðum deplum. Sprungur og misgengi sem sjást á yfirborði eru sýnd með rauðlitum línum. Blá- og grænritaðar útlínur tákna afmörkun mismunandi nýtingarsvæða.

5. Nýting

Ef rannsóknaboranir í Þverárdal leiða í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða er mögulegt að nýta svæðið með því reisa þar jarðhitavirkjun og tengja borholur við hana. Einnig er möguleiki á að nýta svæðið með tengingu í aðrar virkjanir, t.d. Nesjavalla Eiginleikar jarðhitasvæðis ráða miklu um staðsetningu virkjunarmannvirkja. Annar þáttur sem skiptir máli er landfræðileg lega með tilliti til flutnings á gufu, rafmagni og heitu vatni. Erfitt getur verið að flytja blöndu af vatni og gufu frá vinnsluholum upp í móti, þannig að skiljustöðvar og stöðvarhús verða að liggja lægra í landi en holurnar. Þá getur efnasamsetning jarðhitavökvans valdið því að tæknilega sé erfiðara að virkja jarðhita á sumum svæðum en öðrum. Mikilvægt er varðandi staðsetningu mannvirkja að virkjunin verði hagkvæm og að umhverfisáhrif framkvæmda verði sem minnst.

Á þessu stigi er ekki hægt að segja nánar til um hvernig hiti á þessu svæði verður nýttur.

6. Losun affallsvatns

Þar sem ekki liggur fyrir hvernig jarðhitinn á þessu svæði verður nýttur er á þessu stigi ekki hægt að gera grein fyrir hvernig losun affallsvatns yrði háttað. Útfærsla losunar affallsvatns verður gerð að loknum frekari rannsóknum þar sem haft verður í huga verndun grunnvatns, ráðstafanir til að við viðhalda þrýstingi í jarðhitakerfinu og lágmörkun umhverfisáhrifa.

7. Tilvitnanir

Gretar Ívarsson, Ásgerður Sigurðardóttir, Birna Kristinsdóttir, Einar Örn Þrastarson, Sindri Gretarsson og Þór Þorsteinsson, 2011a. Yfirborðsjarðhiti á Hengilssvæðinu I. Kortlagning, lýsing efnafræði gass og náttúrulegt varmatap. Norður Hengill - Nesjavellir, Nesjalaugagil, Köldulaugagil og Hagavíkurlaugar. Orkuveita Reykjavíkur 2011-031.

Gretar Ívarsson, Ásgerður Sigurðardóttir, Birna Kristinsdóttir, Einar Örn Þrastarson, Sindri Gretarsson og Þór Þorsteinsson 2011b. Yfirborðsjarðhiti á Hengilssvæðinu III. Kortlagning, lýsing, efnafræði gass og náttúrulegt varmatap. Ölkelduháls og nágrenni - Lakaskörð, Ölkelduháls og Kýrgil. Orkuveita Reykjavíkur 2011-033.

Iðnaðarráðuneytið, 1994. Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.

Kristján Sæmundsson, 1995a. Hengill, jarðfræðikort (berggrunnur) 1:50.000. Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Landmælingar Íslands.

Kristján Sæmundsson, 1995b. Hengill, jarðhiti, ummyndun og grunnvatn 1:25.000. Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Landmælingar Íslands.

Kristján Sæmundsson, 2003. Hellsheiðarvirkjun jarðfræðilegar aðstæður á virkjunarsvæði. Íslenskar Orkurannsóknir. Greinargerð KS 03/02. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.